




Þungamiðjan er hið mikla verk Schevings.

Almenn listsýning Félags íslenzkra myndlistarmanna

Samsýning félags íslenzkra myndlistarmanna í Listamannaskálanum er ekki ómerkileg sýning, ef til vill tímamótasýning. Myndlistin er orðin fastmót, sérhver vinnur að sínu flugið og vindur að sínu, flugið og hreyfingin sem kemur í myndlistina fyrir og eftir heimsstyrjöldina er ekki hið sama og var. Myndirnar eru líka hættar að hneyksla flesta, það krossar sig enginn og talar um ljótt og fallet. Þessi er svona, hinn svona, það er viðurkennt staðreynd.

Þessi samsýning hefur sína kosti og sína galla. Kostirnir eru fjölbreytni hennar en það eru líka gallar hennar. Það er villandi að sjá myndir sína úr hverri átt, en það er gaman að sjá margskonar vinnubrögð, hugmyndir og svo hve margir vinna þarna saman. Það væri framúrhefið ómyndarlegt ef ekki væri hægt að efna til slíkrar samsýningar.

Margir eru stærri í dráttum á einsmannssýningu, koma betur í ljós. En á sýningu sem þessari er augað ekki fyrir búið að venjast verki eins manns en það skoðar verk hins næsta.

Það verður ekki annað um þessa sýningu sagt en hún sé góð. Ef gera ætti samanburð við slíkar samsýningar utanlands gæti ég sagt að vöndar sýningar hafi ég séð í París, borg málalistarinnar, þar voru vöndar samsýningar. Og salarkvinnin hallir og stórhýsi, í þeirri borg voru þó sagðir um 50.000 málara, búast má við mörgum húsum þeirra fiarska lélegum. En þeir flevta líka mörum frábærum málurum og snillingum.

Þungamiðja þessarar sýningar er hið mikla verk Gunnlaugs Schevings „Menn að draga línu“. Það er verkið sem sameinar. Leyfist mér að tala um hina stóru hnefa sjómanna og um bygginguna sem einkennir Scheving, hinar höllu línur, sterka

drætti, gráa þrungna líti og hallar öllu í sömu átt nema gulum sjóstakk í vinstra horni, hann vegur upp á móti. Myndin er öll af þessum heimi. Er ekki þarna hið mikla samræmi milli sögu og þess hvernig hún er sögð?

Abstraktmálara eru fleiri en náralistar. Það er auðséð að sú stefna ríkir; víða eru verk þeirrar stefnu litræn og tær. Karl Kvaran er þarna ef til vill full dimmur en ég man varla eftir að hafa séð hann betri, flestir abstraktmálara eiga vel unnar myndir, en þó misjafnar, þarna eru líka teikningar eftir Hörð Ágústsson og Kristján Davíðsson, vefnaður eftir Vigdís Kristjánsdóttur og glermyndir eftir Benedikt Gunnarsson, vatnslitamyndir og guachemyndir. Hversvegna sendir Kristján Davíðsson ekki olíumálverk, hann er svo litræn? Enda þótt ég sakni figúratívu myndanna hans Þorvalds, verð ég að gleðjast vegna hans tæru tjáningar.

Höggmyndir og málverk fara alltaf vel hlið við hlið, myndir sem hanga og myndir sem hægt er að skoða allíkring.

Sex myndhöggvarar taka þátt. Sigurjón Ólafsson veldur mér forvitni og vangaveltum. Þarna er bara einn drangur. Hvar eru hans drangar? Er hann að komast á annað plan í myndlist sinni? Svo von er um við að sjá vinnu hans í stein að við þekkjum hann varla í tré. Og þó. Finngálkn hans í tré er ekki hið sama og finngálkníð í grástein. Eða má ekki skýra finngálkn eitt, tvö, þrjú eins og skipin. Verk sem hann kallar „Svanir“ er fallett verk og merkilegra en finngálkn tvö.

Ásmundur hefur gert stærsta verk sýningarinnar frá myndhöggvaranna hálfu, „religion“ mikið verk og margþætt og þó einfalt. Jón og Guðmundur Benediktssynir

eiga mestar abstraktsjónir myndhöggvaranna, Ólöf Pálsdóttir er eingöngu figúratíf. Magnús Á. Arnason leggur til bæði málverk og höggmyndir. Hann virðist að vissu leyti táknrænn allt að því abstrakt í höggmyndum sínum en mjög náralistiskur í málverkum. Efniviðurinn mun því valandi. Höggmyndir sínar skýrir hann nútímalega: spútnik og geimtik. Pointillisminn í olíu-

málverkum hans lyfta þeim.

Sigurður Sigurðsson, Kristín Jónsdóttir, Magnús og Barbara Arnason, Scheving, Snorri Arinbjarnar og nokkrir sem senda eina mynd á þessa sýningu eru náralistarnir, sjáum Snorra, bátana, hann er hrifandi málari, má ég líka nefna Sigurð Sigurðsson sem aðhyllist danska listháskólastefnu sem er ákaflega þekk. Vitanlega hefði verið ákjósanlegra að hvert um sig sendi fleiri myndir. Er ekki að hverfa af sjónarsviðinu sá skóli sem Kristín Jónsdóttir fylgir, við gætum sagt arftaki Ásgríms Jónssonar, er ekki að verða sjaldgæft að málara máli úti, á Þingvöllum til dæmis? Þar voru eitt sinn málara úti um allt hraun en þeim fer fækkandi, nú sést þar einn og einn málari og það er ekki því að kenna að þeir flýji undan ónáðinu ef þeir eru að hætta við þessa grein.

Eg sakna margra, Svavars Guðnasonar, Nínu Tryggvadóttur, Sverris Haraldssonar, Kjartans Guðjónssonar, Guðmundu Andrésdóttur. Má ekki bjóða Ásgerði Búadóttur að taka þátt í slíkri sýningu? Kjartal og Júlíönu?

En er nú ekki komið þar í málalistinni að hún hafi ekki nógu mikið umleikis, málaraarnir eru margir og húsnæðið smátt til þess að gera. Það þarf að hlúa að þessari grein á öllum sviðum. Það þarf stærra húsnæði.

Við stöndum á krossgötum og skygnumst um: lítum fram og aftur. Hvað hefur verið unnið, hvað á að vinna?

Það er til þess að kanna liðið sem þessar sýningar eru haldnar, horfa á það sem gert hefur verið og búa sig undir áframhaldið. Á þessari sýningu eru allar stefnur túlkaðar, myndlistarmenn vinna saman þrátt fyrir stefnumun, þrátt fyrir skoðanaágreining.

Sýningunni er óvenju vel fyrirkomid. Ekki marit nýtt sagt, ekkert sem kemur á óvart. Það er raunar afar hugmyndalaus heimur og ófrumlegur sem við byggjum. meðan við leitum alltaf að einhverju nýju og frumlegu. En við leitum alltaf að þessum alldu samræmi í nýju ljósi, í nýju efni.

Í vetur hefur verið tölsvert listalíf á kílflum, ég minnst sérstaklega sýninga Jóhönnu Sveinsdóttur, Jóhanns Friem, Ásgerðar Búadóttur og Benedikts Gunnarssonar, Kristjáns Davíðssonar.

Þegar þess er gætt að nú er einhver mesta þáttataka sem verið hefur í samsýningu er ekki að undra þótt sýningin sé æði misjöfn m.ö.o. fjölbreytileg; enda þótt samsýningin hafi oft verið rismeiri en nú, stendur myndlistin á þeim krossgötum að búa sig undir önnur átt og meiri og veit ég það og vænti þess að mikið blómaskið í sögu íslenzkrar myndlistar sé að renna upp. Sýningar eru hvetjandi. Vill ekki Menntamálaráð gangast fyrir einni allsherjar samsýningu í sínum salarkynnum í Málverkasafni ríkisins með haustinu eða næsta vetur og gefa málurum fyrirvara svo að þeir geti búið sig undir.

D.

Skáldapáttur

Ritstjóri: Sveinbjörn Beinteinsson.

Það er ekki fjarri sanni að íslenzkt mál sé byggt upp af ljóðagerð þjóðarinnar. Vegna þess að ljóðlist Íslendinga hélt jafnan sérkennum sínum, hefur mál okkar komið óskaddað gegnum aldirnar. Ljóðlistin tók að sönnu miklum breytingum þegar stórfelldar byltingar urðu í menningarháttum þjóðarinnar; það er torvelt að rekja þetta efni í örstuttri grein, en reynt skal að benda á þrjú atriði í þessari þýðingarmiklu sögu. Á 12. og 13. öld berst hingað til lands erlendur kveðskapur, gerólikur þeirri ljóðagerð sem fyrir var, svonefndir dansar. Ekki þarf að efa vinsældir þessara söngva hjá almenningi, enda var þá upplausn í öllu menningarlífi landsmanna. Vitanlega fóru þessi dansljóð ekki ein sér, þeim fylgdu margvíslegir siðir og nýjar venjur. Íslenzkt mál hefur orðið fyrir ýmsum áhrifum á þessum tíma, og þau áhrif voru eðlaust meiri en ráða má af bókmenntum þessara alda. Bókmenntunum stýrðu hinir vitrari menn og lærðari, og þeir tóku seinna við áhrifum en almenningur. Það eru bókmenntir 14. og 15. aldar

sem sýna hver öfl voru að verki í menningarmálum hér á landi á síðustu tímum þjóðveldisins. Upplausnin varð afdrifarík á margan hátt: erlendur þjóðhöfðingi varð æðsti valdsmaður í málum Íslendinga, ritlist hnignaði, skáldskapur allur varð einhæfari og svipminni. En ljóðagerð þjóðarinnar missti ekki með öllu þann svip sem henni hafði verið mótadur á fyrri öldum. Snorri Sturluson ritaði margar bækur um íslenzka sögu og dró þar fram í sviðsljósið þann háska sem þjóðfélaginu stóð af erlendri ásælni til valda. Einnig skrifaði Snorri um íslenzkan skáldskap, mikla bók, og setti þar fram af yfirburðasniðl meginatriði íslenzkrar ljóðlistar, rakti uppruna og þróun þessa efnis. Snorri gekk svo frá þessum fræðum að dagað hefur síðan. Án slíks rits sem Snorra-æddu hefði naumast verið mikið eftir af sérkennum íslenzkrar ljóðagerðar öldum síðar. Færa mátti gildari rök að þessu máli með dæmum úr íslenzkri ljóðasmið nokkurra alda, þar sem togast á erlend áhrif og innlend fastheldni, en slík vitnaleiðsla verður að biða.

Eftir siðaskiptin, á 16. öld, kemur fram ný stefna í andlegum kveðskap. Flest af því sem þýtt var og samið á þessum tímabili mun vera glatað, en nóg er eftir til þess að við sjáum hvert stefnt hefur. Íslenzk tunga hefur gerbreytzt á þessum tíma og þá hefur glatazt margt það sem gaf málinu sterkastan svip og mestan þrótt. Þessi breyting varð meiri í talmáli en bókamáli. Enn er svo að varlega verður að álykta um þetta efni út frá samtíðarbókmenntum. Rit Björns á Skarðsá, Jóns lærða eða þýðingar Odds Gottskálkssonar eru ekki með svip hins nýja tíma; þótt verkefnin séu að nokkru ný. En þýðingarmest er stórvirki Guðbrands biskups, og vandséð er hversu farið hefði um varðveizlu íslenzks máls hefði biblíja sú er Guðbrandur lét prenta verið á slæmri íslenzku, eða ef Visnabók hans hefði verið með líkum keim og hinar lakari sálmaþýðingar siðaskiptamanna. Afrek Guðbrands virðist hafa ráðið úrslitum í baráttunni um málmenningu þjóðarinnar. Þessi bókmenntastarfsemi og skáldskapur hinna betri skálda varð sterkari en sú ómenning sem á sótti. Alþýðan lærði þó einkum mál og hugsunarhátt af rimum og fornum sögum. Ólært fólk sagði sögur og kvað ljóð á kjarngóðu máli, meðan embættismenn og uppskafningar töluðu og skrifuðu bjagaðan blending af íslenzku hrognablaði.

Framhald á 11. síðu.